

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalistaflokks Íslands 10. júlí 2017

Haldinn í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2, 4. hæð klukkan 20:00

Mætt voru: Ása Jóhannsdóttir, Ásta Dís Guðjónsdóttir, Benjamín Julian, Laufey Ólafsdóttir, Sigurður H. Einarsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir,.

Dagskrá fundar hafði þegar verið ákveðin í vinnuhópi stjórnar á Facebook.

1 · Síðasta fundargerð.

Rætt um tölvupóstsendingar til meðlima. Ákveðið að finna góða tæknilega lausn fyrir útsendingu pósta, svo sem minnst sé á tæknimenn lagt, og að minna meðlimi á uppfærslu skráningar sinnar við öll tækifæri -- sér í lagi á félagsfundi á fimmtudaginn.

Áróðurshópurinn hyggst kanna aðferðir nýsósíalista erlendis, sem útlistaðar eru í bókinni Venstrepolitik í Kristid. Meðlimur hópsins er í sambandi við höfund.

Ása kynnti helstu niðurstöður húsnæðisleitar fyrir fundi flokksins, stóra og smáa. Ákveðið að heimsækja sali sem koma til greina og athuga hvort þeir henti því formi sem ákveðið verður að málefnafundir starfi eftir.

Litið var yfir lista um frótt fólk í málefnaþópunum fjórum sem Viðar útbjó. Áfram verði fyllt í hann og haft samband við fleiri aðila.

2 · Námskeið Viðars.

Umræðum um námskeið í umsjá Viðars var frestað til næsta fundar, þar sem hann kynnir þau frekar.

3 · Salir og matseld í málefnaþópum.

Til að fundarboð til slembivalinna meðlima geti legið fyrir sem fyrst þarf að fara yfir niðurstöður funda Gunnars Smára við fundarstjóra og panta sali. Sigurður athugar fyrir næsta fund mögulegt fyrirkomulag á matseld. Tilkynning Smára ætti að liggja fyrir í vikunni. Benjamín athugar stöðu á tæknilegri hlið slembivala í samráði við Atla Frey. Ása og Laufey ætla að kanna húsnæði þegar niðurstöður Gunnars Smára liggja fyrir.

4 · Félagsfundur á fimmtudaginn.

Á félagsfundi fimmtudagsins verður Sanna fundarstjóri og Viðar kynnir á fyrirkomulagi málefnaþópa. Bráðabirgðastjórnin situr fyrir svörum. Ásta Dís vakti máls á því að heyrnarskerti þyrftu að geta setið fundina líka. Laufey og Sanna lögðu til að þær gætu athugað með þörf á hljóðkerfi í fundarrýminu.

5 · Vefhönnun.

Ása kynnti hugmyndir um uppfærslu vefsins, svo efni hans yrði aðgengilegra. Benjamín verður í sambandi við Andra vefhönnuð um hvernig áframhaldandi þróun vefsins gengur.

Fundi var slitið um 21:15.

Benjamín Julian ritaði fundargerð.